

Tapinu verður ekki velt frá ríkinu yfir á sjóðfélaga lífeyrissjóða

Eitt af hlutverkum lífeyrissjóða samkvæmt lögum er að standa skil á verðtryggðum lífeyrisgreiðslum sjóðfélaga til framtíðar. Skulda-bréf líkt og þau sem útgefin eru af ÍL-sjóði, sem áður hét Íbúðalánasjóður, hafa eðlislæga kosti sem falla vel að því hlutverki. Þau eru verðtryggð, ekki er heimilt að greiða bréfin hraðar upp en samningsbundnir gjalddagar segja til um og þau eru með langan endurgreiðsluferil sem fellur vel að skuldbindingum lífeyrissjóða. Þá vegur ekki síður þungt að hingað til hafa fjárfestar getað treyst því að íslenska ríkið standi við sínar skuldbindingar sama á hverju hefur gengið síðustu árin.

Íbúðalánasjóður var á sínum tíma hluti af framkvæmd opinberra húsnæðisstefnu eins og getið var um í lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 allt til ársins 2019. Í gegnum sjóðinn sótti ríkið lánsfé á innlendan skuldabréfamarkað á vaxtakjörum sem endurspegluðu ríkisábyrgð á samningsbundnum afborgunum bréfanna. Umrædd skuldabréf voru fyrirferðarmikil í viðskiptum á innlendum skuldabréfamarkaði og ljóst að bæði útgefandinn og markaðsaðilar töldu ríkisábyrgðina tryggja og ekki væri hægt væri að knýja fram hraðari endurgreiðslur en ákvæði bréfanna segja til um.

Um árabíl hefur verið ljóst að staða ÍL-sjóðs væri erfið, fyrir því



Hjörleifur Arnar Waagfjörð

eru margvíslegar ástæður, mótaðar af feilsporur fortíðar, sem verða að þessu sinni ekki rifjaðar upp hér. Þó verður ekki um það deilt að forræði sjóðsins hefur frá upphafi verið í höndum ríkisins og því ekki öðrum til að dreifa þegar menn velta fyrir sér ábyrgð á fjárhagslegri stöðu sjóðsins.

Fyrir um það bil sjö mánuðum, hinn 20. október 2022, tilkynnti fjármála- og efnahagsráðherra mögulegar leiðir til að leysa stöðu ÍL-sjóðs. Í tilkynningunni kom fram að óskað væri eftir viðræðum við skuldabréfaeigendur, sem að stærstum hluta eru íslenskir lífeyrissjóðir. Yfirlýst markmið þeirra viðræðna væri að semja við eigendur um uppgjör og slit á ÍL-sjóði sem fæli í sér endanlegt uppgjör gagnvart eigendum skuldabréfanna, með greiðslu höfuðstóls og áfallinna vaxta og verðbóta. Í kynningu ráð-



Arnaldur Loftsson

herra kom fram að ef ekki næðust samningar væri fyrirhugað að fara með sjóðinn í gjaldþrotameðferð. Slit á sjóðnum myndi spara ríkinu framtíðarvaxtagreiðslur með því að greiða ekki afborganir á samningsbundnum gjalddögum bréfanna til lokagjalddaga þeirra. Slíkur sparnaður ríkisins er þá á móti tap fyrir sjóðfélaga lífeyrissjóða.

Áhrif tilkynningarinnar á markaðsverð bréfa útgefnum af ÍL-sjóði var veruleg lækkun, eða frá -1,3% til -15,5% með tilheyrandi áhrifum á eignasöfn lífeyrissjóða. Þetta telur óneitanlega þungt í ávöxtun flestra lífeyrissjóða fyrir síðasta ár. Tjón lífeyrissjóða felst í því að skuldabréfin voru verðlögð miðað við 3,75% verðtryggða vexti út líftíma bréfanna. Ef bréfin væru greidd upp m.v. stöðu þeirra í dag væri hægt að ávaxta þá fjármuni á um 1,8%-1,9% með t.d. kaupum á



Snædis Ögn Flosadóttir

» Að hóta laga-breytingum víki lífeyrissjóðir ekki frá stjórnarskrárvörðum réttindum sjóðfélaga, og breyta leikreglunum eftir á, er með öllu óviðunandi.

verðtryggðum ríkisskuldabréfum. Í þessum mun endurspeglast tap eigenda skuldabréfanna.

Lífeyrissjóðirnir hafa í sameiningu, frá tilkynningu ráðherra, aflað sér afar sterkra lögfræðilegra álita sem gerð hafa verið opinber og er þeim sammerkt að íslenska ríkið beri ótakmarkaða ábyrgð gagnvart öllum skuldbindingum ÍL-sjóðs. Ef til kæmi myndi áætlun um slitameðferð og uppgjör án framtíðar vaxtagreiðslna fela í sér skerðingu stjórnarskrárvaxtarinnar eignarréttinda svo og brot gagnvart Mannréttindasáttmála Evrópu.

Því skal haldið til haga að frá því í október 2022 hafa fulltrúar lífeyrissjóðanna sannarlega átt samtöl við fulltrúa ríkisins. Frá upphafi hefur það verið og er ófrávikjanleg krafa lífeyrissjóðanna, í samræmi við lögbundnar skyldur, að í öllum tilvikum komi til fullra efnda skv. skilmálum skuldabréfanna af hálfu íslenska ríkisins. Fulltrúar

ráðuneytis hafa ekki komið til móts við þessar kröfur og af þeim sökum hefur ekki verið talinn grundvöllur fyrir samningaviðræðum af hálfu lífeyrissjóðanna.

Í samráðsgátt stjórnvalda í lok mars síðastliðens var birt áformaskjal fjármála- og efnahagsráðuneytis um lagasetningu um slit og uppgjör ÍL-sjóðs. Slíkt skjal er undanfari frumvarps til laga. Lífeyrissjóðirnir hafa í sameiningu falið LOGOS lögmannsþjónustu að koma á framfæri umsögn við áform ráðherra og eru lesendur hvattir til að kynna sér þau skrif ásamt öðrum umsögnum.

Það dylst ekki nokkrum manni sem skoðað hefur viðfangsefnið að staða ÍL-sjóðs er þungbær. Í þeim efnum er hins vegar ekki við neinn annan að sakast en ríkið sjálft. Að fara fram með hótunum um laga-breytingar ef lífeyrissjóðir víki ekki frá stjórnarskrárvörðum réttindum sinna sjóðfélaga og ætla þannig að breyta leikreglunum eftir á er með öllu óviðunandi og setur hættulegt fordæmi sem réttilega ber að varast. Tapinu verður ekki velt frá ríkinu yfir á sjóðfélaga lífeyrissjóða.

Hjörleifur Arnar Waagfjörð er forstöðumaður eignastýringar fagfjárfesta, Arion banka. Arnaldur Loftsson er framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins. Snædis Ögn Flosadóttir er framkvæmdastjóri EFÍA og LSBÍ og rekstrarstjóri Lífeyrisauka.